

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 354/2014**

2017/EES/24/28

frá 8. apríl 2014

**um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 <sup>(1)</sup>, einkum 12. gr. (3. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr. og a-lið 3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 2. kafla III. bóls reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um grunnkröfur að því er varðar framleiðslu á bújörðum. Mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessara grunnkrafna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 <sup>(2)</sup>.
- 2) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er heimilt við tiltekin skilyrði að nota aðföng til bújarða á borð við áburð, jarðvegsnæringu og plöntuverndarvörur, að því tilskildu að notkun þeirra hafi verið heimiluð við lífræna framleiðslu. Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. þeirrar reglugerðar hafa aðildarríki lagt fram málskjöl til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að bæta tilteknum afurðum við í I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008. Þessi málskjöl voru yfirfarin af sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu (hér á eftir nefndur „sérfræðingahópurinn“).
- 3) Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópnum <sup>(3)</sup>, sem komst að þeirri niðurstöðu að því er varðar áburð og jarðvegsnæringu að efnin lífgasmelta (e. *biogas digestate*), vatnsrofin prótín úr aukaafurðum úr dýrum, leónardít, kítín og saprópel séu í samræmi við lífrænu markmiðin og meginreglurnar, ætti að skrá þessi efni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 til notkunar við sérstök skilyrði.
- 4) Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópnum varðandi tiltekin efni, sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008, ættu mörkin „ekki greinanlegt“ að koma í stað „0“ fyrir króm (VI).
- 5) Að því er varðar plöntuverndarvörur komst sérfræðingahópurinn að þeirri niðurstöðu í tilmælum sínum <sup>(4)</sup> að efnin kindamör, lamínarín og álsílikat (kaólfín) séu í samræmi við lífrænu markmiðin og meginreglurnar. Þessi efni ætti því að skrá í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 til notkunar við sérstök skilyrði.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 106, 9.4.2014, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjútíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

(3) Lokaskýrsla:  
[http://ec.europa.eu/agriculture/organic/files/eu-policy/expert-recommendations/expert\\_group/final\\_report\\_on\\_fertilizers\\_to\\_be\\_published\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/agriculture/organic/files/eu-policy/expert-recommendations/expert_group/final_report_on_fertilizers_to_be_published_en.pdf)

(4) Lokaskýrsla:  
report:[http://ec.europa.eu/agriculture/organic/files/eu-policy/expert-recommendations/expert\\_group/final\\_report\\_on\\_plant\\_protection\\_products.pdf](http://ec.europa.eu/agriculture/organic/files/eu-policy/expert-recommendations/expert_group/final_report_on_plant_protection_products.pdf)

- 6) Að því er varðar lárétta löggjöf fyrir plöntuverndarvörur var með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup> komið á fót skrá Sambandsins yfir virk efni sem áður voru skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE <sup>(2)</sup> og yfir virk efni sem voru samþykkt samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 <sup>(3)</sup>. Rétt þykir að aðlaga viðkomandi hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 899/2008 að þessari skrá. Einkum ætti að fella gelatín, rótenón, sem er dregið út úr *Derris* spp., *Lonchocarpus* spp. og *Terphrosia* spp., díammóníumfosfat, koparoktanóat, kalíumál (álsúlfat, kalínít), jarðolfur og kalíumpermanganat brott úr þeim viðauka.
- 7) Að því er varðar virku efnin lesítín, sviðatré, sem er dregið út úr *Quassia amara*, og kalsíumhýdroxíð, sem umsóknir um samþykki fyrir hafa þegar verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, er við hæfi á þessu stigi að halda þeim sem sérstöku undantekningartilviki á skrá í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 þar til mati á þeim er lokið. Framkvæmdastjórnin mun grípa til viðeigandi aðgerða í ljósi niðurstaða matsins að því er varðar hvort þessi þrjú efni verði tilgreind í skránni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008.
- 8) Einnig þykir rétt, í ljósi þessarar láréttu löggjafar, að aðlaga heiti, lýsingu, kröfur um samsetningu og skilyrði fyrir notkun tiltekinna efna og örvera, sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008, einkum að því er varðar plöntuolíur, örverur sem eru notaðar til að berjast gegn lífrænum skaðvöldum og til sjúkdómsvarna, ferómóna, kopar, etýlen, paraffínolíu og kalíumbíkarbónat.
- 9) Ákvæðum 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 505/2012 <sup>(4)</sup> í því skyni að uppfæra tilvísanir í V. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008, sem hafði verið skipt út fyrir framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 505/2012. Í breyttu orðalagi 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 var „smáskammtaafurðir“ sleppt fyrir mistök. Það eð þessar afurðir var að finna í þessum ákvæðum fyrir breytingarnar með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 505/2012 þarf að bæta þeim aftur við.
- 10) Í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 505/2012, var eldri færslum fyrir afflúorað einkalsíumfosfat og afflúorað tvíkalsíumfosfat fyrir mistök skipt út fyrir almenna lýsingu, þ.e. afflúorað fosfat. Afflúorað fosfat er hins vegar ekki jafngilt vörunum afflúoruðu einkalsíumfosfati og afflúoruðu tvíkalsíumfosfati. Þess vegna ætti að bæta þessum tveimur vörum aftur við í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 og fella brott afflúorað fosfat.
- 11) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2013 <sup>(5)</sup> voru fyrri leyfi fyrir klínóptílólití felld brott úr reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1810/2005 <sup>(6)</sup>, notkun þess sem aukefni í fóður rýmkuð til að ná til allra dýrategunda og kóðanum fyrir það breytt í 1g568. Til að gefa færi á áframhaldandi notkun á klínóptílólití í lífrænni framleiðslu þarf að breyta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 899/2008 í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 651/2013.
- 12) Því ber að breyta og leiðrétta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við þetta.
- 13) Vegna réttarvissu ættu leiðréttingar á 2. mgr. 24. gr. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 899/2008 að gilda frá gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 505/2012.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtuð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtuð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtuð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 505/2012 frá 14. júní 2012 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtuð. ESB L 154, 15.6.2012, bls. 12).

<sup>(5)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2013 frá 9. júlí 2013 um leyfi fyrir klínóptílólití sem er upprunnið úr seti sem fóðruaúkefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1810/2005 (Stjtuð. ESB L 189, 10.7.2013, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1810/2005 frá 4. nóvember 2005 um nýtt leyfi til 10 ára fyrir aukefni í fóðri, varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekinna aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtuð. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 5).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 889/2008**

Ákvæðum I., II. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt í samræmi við 1., 2. og 4. lið viðaukans við þessa reglugerð.

*2. gr.*

**Leiðrétting á reglugerð (EB) nr. 889/2008**

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 24. gr. komi eftirfarandi:

„2. Nota skal jurta-lækningalyf og smáskammtaafurðir, snefilefni og vörur, sem eru tilgreindar í 1. þætti V. viðauka og 3. þætti VI. viðauka, fremur en að nota hefðbundin lyf til dýralækninga, sem eru framleidd með efnafræðilegum aðferðum, eða sýklalyf að því tilskildu að lækningaverkun þeirra sé áhrifarík fyrir viðkomandi dýrategund og það ástand sem meðhöndlunin beinist að.“

2) Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við 3. lið viðaukans við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. gilda hins vegar frá 16. júní 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., V. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar er varðar: „Myltað eða gerjað húsasorp“ komi eftirfarandi:

„B	Myltuð eða gerjuð blanda af húsasorpi	Afurð fengin úr flokkuðu húsasorpi, sem hefur verið myltað eða beitt loftfirtri gerjun til að framleiða lífgas  Einungis húsasorp úr jurta- og dýraríki  Einungis ef það er framleitt í lokuðu og vöktuðu söfnunarkerfi sem aðildarríkið samþykkir  Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni:  kadmíum: 0,7; kopar: 70; nikkell: 25; blý: 45; sink: 200; kvikasilfur: 0,4; króm (alls): 70; króm (VI): greinist ekki“
----	---------------------------------------	---

b) Á eftir línunni sem varðar: „Myltuð eða gerjuð blanda úr plöntuefni“, bætist við eftirfarandi lína:

„B	Lífgasmelta sem inniheldur aukaafurðir úr dýrum sem hafa verið brotnar niður ásamt efni úr jurta- eða dýraríkinu eins og tilgreint er í þessum viðauka	Aukaafurðir úr dýrum (þ.m.t. aukaafurðir úr villtum dýrum) úr 3. flokki og innihald meltingarvegar úr 2. flokki (2. og 3. flokkur eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009) (*) skulu ekki koma úr verksmiðjubúskap.  Vinnsluaðferðirnar verða að vera í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 (**).  Ekki til notkunar á æta hluta nytjaplantnanna
----	--	--

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjóð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

(\*\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjóð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).“

c) Í stað línunnar er varðar: „Eftirfarandi afurðir eða aukaafurðir úr dýraríkinu“ komi eftirfarandi:

„B	Eftirfarandi afurðir eða aukaafurðir úr dýraríkinu: Blóðmjöl Mjöl úr hófum og klaufum Mjöl úr hornum Beinamjöl eða gelatínsneytt beinamjöl Fiskimjöl Kjötmjöl Fjaðrir, hár og „chiquette“ mjöl Ull Loðskinn (1) Hár Mjólkurafurðir Vatnsrofin prótín (2)	(1) Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni úr krómi (VI): greinist ekki.  (2) Ekki til notkunar á æta hluta nytjaplantnanna“
----	--	--

d) Eftirfarandi línur bætist við:

„B	Leónardít (óunnið, lífrænt set, auðugt af moldarsýru)	Einungis ef það er aukaafurð úr námuvinnslu.
B	Kítín (fjölsykra sem er fengið úr skeljum krabbadyra)	Einungis ef það er fengið úr sjálfbærum sjávarútvegi, eins og skilgreint er í e-lið 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2371/2002 (*) eða úr lífrænu lagareldi
B	Set, auðugt af lífrænu efni úr ferskvatnshlotum, sem myndast án þess að súrefni komi þar nærri (t.d. saprópel)	Einungis lífrænt set sem er aukaafurð úr vatnsstjórnun ferskvatnshlota eða dregið út úr svæðum sem voru áður ferskvatnssvæði Þegar það á við skal útdrátturinn gerður á þann hátt sem hefur sem minnst áhrif á lagarkerfið Einungis set sem er af uppruna sem er laus við mengun af völdum varnarefna, þrávirkra, lífrænna mengunarefna og bensínlíkra efna Hámarksstyrkur í mg/kg af þurrefni: kadmíum: 0,7; kopar: 70; nikkell: 25; blý: 45; sink: 200; kvikasilfur: 0,4; króm (alls): 70; króm (VI): greinist ekki

(\*) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2371/2002 frá 20. desember 2002 um varðveislu og sjálfbæra nýtingu fiskiauðlinda innan sameiginlegu sjávarútvegstefnunnar (Stjtið. ESB L 358, 31.12.2012, bls. 59).“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. liðar komi eftirfarandi:

**„1. Efni úr plöntu- eða dýraríki**

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Asadífraktín, dregið út úr <i>Azadirachta indica</i> (Neem-tré)	Skordýraeitur
A	Bývax	Efni til að meðhöndla sár á trjám
B	Vatnsrofin prótín, þó ekki gelatín	Löðunarefni, aðeins til viðurkenndrar notkunar í samsetningu með öðrum viðeigandi vörum á þessari skrá
A	Lesitín	Sveppaeyðir
B	Plöntuolúr	Skordýraeitur, mítlasæfir, sveppaeyðir, bakteríueyðir og spírunarlati. Vörur eins og tilgreindar eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)
A	Pýretrín, dregið út úr <i>Chrysanthemum cinerariaefolium</i>	Skordýraeitur
A	Sviðatré, dregið út úr <i>Quassia amara</i>	Skordýraeitur, fæliefni

(\*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

## 2. Örverur sem eru notaðar til að berjast gegn lífrænum skaðvöldum og til sjúkdómsvarna

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Örverur	Vörur eins og tilgreindar eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 og ekki úr erfðabreyttum lífverum“

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

### „4. Efni til notkunar í gildrum og/eða skömmturum

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Ferómón	Löðunarefni, raskar kynhegðun; aðeins í gildrum og skammtara  Vörur eins og tilgreindar eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (númer 255, 258 og 259)
A	Pýretróíð (aðeins deltametrín eða lambdasýhalótrín)	Skordýraeitur; aðeins í gildrum með sérstöku löðunarefni; aðeins gegn <i>Bactrocera oleae</i> og <i>Ceratitis capitata</i> Wied.“

c) Í stað 6. og 7. liðar komi eftirfarandi:

### „6. Önnur efni sem hefðbundin notkun er fyrir í lífrænum búskap

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
B	Koparefnasambönd í formi: koparhýdroxíðs, koparoxýklóríðs, koparoxíðs, Bordeaux-blöndu og trífásíks koparsúlfats	Einungis til notkunar sem bakteríueyðir og sveppaeyðir, allt að 6 kg af kopar á hektara á ári.  Að því er varðar fjölæra ræktun er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir fyrstu málsgreinina, að kveða á um að fara megi yfir 6 kg mörkin fyrir kopar á tilteknu ári að því tilskildu að meðaltalsmagn sem er raunverulega notað á 5 ára tímabili, sem samanstendur af því ári og fjórum næstliðnum árum, fari ekki yfir 6 kg.  Beita skal ráðstöfunum til að draga úr áhættu, s.s. notkun varðbelta, í því skyni að vernda vatn og lífverur utan markhóps.  Vörur eins og tilgreindar eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (númer 277)
A	Etýlen	Þroskun banana, kíví og kakíaldina; þroskun sítrusávaxta einungis sem hluti af áætlun til að koma í veg fyrir skemmdir í sítrusávöxtum af völdum ávaxtaflugna; framköllun blómgunar á ananas; spírunarhömlun á kartöflum og lauk.  Einungis má leyfa að efnið sé notað sem plöntuvaxtarstýriefni innanhúss. Leyfi skulu takmarkast við þá sem nota efnið í atvinnuskyni.
A	Fitusýrukalíumsalt (grænsápa)	Skordýraeitur

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
A	Brennisteinskalk (kalsíumfjölsúlfíð)	Sveppaeyðir
A	Paraffínolía	Skordýraeitur, mítlasæfir Vörur eins og tilgreindar eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (númer 294 og 295)
A	Kvarssandur	Fæliefni
A	Brennisteinn	Sveppaeyðir, mítlasæfir
B	Efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör	Fæliefni Einungis á óæta hluta nytjaplantna og þar sem sauðfé eða geitur éta ekki nytjaplöntur Vörur eins og tilgreindar eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (númer 249)

## 7. Önnur efni

Heimild	Heiti	Lýsing, kröfur um samsetningu, skilyrði fyrir notkun
B	Álsílikat (kaólín)	Fæliefni
A	Kalsíumhýdroxíð	Sveppaeyðir, aðeins í aldintrjám, þ.m.t. í gróðrarstöðvum, til varnar gegn <i>Nectria galligena</i>
B	Lamínarín	Efni til að efla varnir plantnanna sjálfra Þari skal annaðhvort ræktaður lífrænt í samræmi við 6. gr. d eða uppskorinn á sjálfbæran hátt í samræmi við 6. gr. c
B	Kalíumvetniskarbonsat (einnig þekkt sem kalíumbíkarbonsat)	Sveppaeyðir og skordýraeitur“

3) Í stað 1. liðar í V. viðauka komi eftirfarandi:

### „1. FÓÐUREFNI ÚR STEINARÍKINU

A	Kalkríkar sjávarskeljar	
A	Mergill	
A	Þörungakalk	
A	Kalsíumglúkónat	
A	Kalsíumkarbonsat	
A	Afflúorað einkalsíumfosfat	
A	Afflúorað tvíkalsíumfosfat	
A	Magnesiumoxíð (vatnsfrí magnesía)	

A	Magnésíumsúlfat	
A	Magnésíumklóríð	
A	Magnésíumkarbónat	
A	Kalsíummagnésíumfosfat	
A	Magnésíumfosfat	
A	Mónónatríumfosfat	
A	Kalsíumnatríumfosfat	
A	Natríumklóríð	
A	Natríumbíkarbónat	
A	Natríumkarbónat	
A	Natríumsúlfat	
A	Kalíumklóríð	

- 4) Í stað færslunnar um klínóptílólit í d-lið 1. liðar VI. viðauka, „*Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni*“, komi eftirfarandi:

Heimild	Kenninúmer		Efni	Lýsing, skilyrði fyrir notkun
„B	1	1g568	Klínóptílólit sem er upprunnið úr seti, [allar dýrategundir]“	